

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/1256 2022/EES/70/07**frá 21. apríl 2021****um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2015/35 að því er varðar samþættingu áhættu tengda sjálfbærni í stjórnkerfum váttrygginga- og endurtryggingafélaga (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB frá 25. nóvember 2009 um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði váttrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II) ⁽¹⁾, einkum 1. mgr. 50. gr. og a-lið 1. mgr. 135. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Umbreytingin yfir í hringrásarhagkerfi sem losar lítið af kolefni, er sjálfbærara og auðlindanýtið, í samræmi við heimsmarkmiðin um sjálfbæra þróun, er lykilþáttur í að tryggja samkeppnishæfni hagkerfis Sambandsins til langs tíma. Sambandið samþykkti Parísarsamninginn árið 2016 ⁽²⁾. Ákvæði c-liðar 1. mgr. 2. gr. Parísarsamningsins miða að því að styrkja viðbrögð við loftslagsbreytingum með því, m.a., að láta fjármagnsstreymi samrýmast þróun leiða til að minnka losun gróðurhúsalofttegunda og auka viðnám gegn loftslagsbreytingum.
- 2) Til að bregðast við þessari áskorun lagði framkvæmdastjórnin fram Grænt samkomulag í Evrópu ⁽³⁾ í desember árið 2019. Þetta græna samkomulag er ný vaxtarstefna sem miðar að því að umbreyta Sambandinu í sanngjarnt og velmegandi samfélag, með nútímalegt, auðlindanýtið og samkeppnishæft hagkerfi þar sem nettólosun gróðurhúsalofttegunda verður engin árið 2050 og þar sem hagvöxtur er aftengdur nýtingu auðlinda. Þetta krefst þess einnig að fjárfestar fái skýr skilaboð til lengri tíma til að komast hjá því að eignir verði verðlausar og til að virkja sjálfbæra fjármögnun.
- 3) Framkvæmdastjórnin birti í mars 2018 aðgerðaáætlun sína „Fjármögnun sjálfbærs vaxtar“ ⁽⁴⁾ og hratt af stað metnaðarfullri og yfirgripsmikilli áætlun um sjálfbær fjármál. Eitt af markmiðum þessarar aðgerðaáætlunar er að beina fjármagnsstreymi í átt að sjálfbærri fjárfestingu til að ná fram sjálfbærum hagvexti fyrir alla. Áhrifamatið sem liggur til grundvallar síðari tillögum að lagagerðum og birt var í maí 2018 ⁽⁵⁾ sýndi fram á að þörf er á að skýra að váttrygginga- og endurtryggingafélög þurfa taka tillit til sjálfbærniþátta sem hluta af skyldum sínum gagnvart váttryggingartökum. Váttrygginga- og endurtryggingafélög ættu því ekki aðeins að leggja mat á alla viðeigandi fjárhagslega áhættu á viðvarandi grundvelli heldur einnig á alla viðeigandi áhættu tengda sjálfbærni eins og um getur í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2088 ⁽⁶⁾ sem, ef hún kemur upp, myndi hafa raunveruleg eða möguleg veruleg neikvæð áhrif á virði fjárfestingar eða skuldbindingar. Ekki er vísað sérstaklega til áhættu tengda sjálfbærni í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/35 ⁽⁷⁾. Af þessum sökum, og til að tryggja að stjórnkerfi váttrygginga- og endurtryggingafélaga og mat á heildargjaldþolsþörf þessara fyrirtækja ætti að endurspeglar áhættu tengda sjálfbærni.
- 4) Váttryggingafélög sem birta helstu neikvæðu áhrif á sjálfbærniþætti í samræmi við reglugerð (ESB) 2019/2088 ættu einnig að aðlaga ferla, kerfi og innra eftirlit að því er tekur til birtingar á þessum upplýsingum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 277, 2.8.2021, bls. 14. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 138/2022 frá 29. apríl 2022 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 335, 17.12. 2009, bls. 1.

(2) Ákvörðun ráðsins (ESB) 2016/1841 frá 5. október 2016 um gerð, fyrir hönd Evrópusambandsins, Parísarsamningsins sem var samþykktur samkvæmt rammisamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (Stjtið. ESB L 282, 19.10.2016, bls. 1).

(3) Orðsending framkvæmdastjórnarinnar til Evrópuþingsins, leiðtogaráðsins, ráðsins, efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins og svæðanefndarinnar „Grænt samkomulag í Evrópu“ (e. *European Green Deal*) (COM(2019) 640 lokagerð).

(4) COM(2018) 97 lokagerð.

(5) SWD(2018) 264, lokagerð.

(6) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2088 frá 27. nóvember 2019 um upplýsingagjöf tengda sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu (Stjtið. ESB L 317, 9.12.2019, bls. 1).

(7) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/35 frá 10. október 2014 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði váttrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II) (Stjtið. ESB L 12, 17.1.2015, bls. 1).

- 5) Í ljósi þess að framkvæmdastjórnin vill tryggja að loftslags- og umhverfisáættu sé stýrt og hún samþætt fjármálakerfinu og með hliðsjón af mikilvægi launakjarastefna við að tryggja að starfsfólk í váttrygginga- og endurtryggingafélögum stýri á skilvirkan hátt þeirri áættu sem áhættustýringarkerfið hefur greint ættu launakjarastefnur váttrygginga- og endurtryggingafélaga að innihalda upplýsingar um hvernig þessar stefnur taka tillit til samþættingar sjálfbærniáættu í áhættustýringarkerfinu.
- 6) Ákvæði varfærismeginreglunnar, sem mælt er fyrir um í 132. gr. tilskipunar 2009/138/EB, krefjast þess að váttrygginga- og endurtryggingafélög fjárfesti eingöngu í eignum með áættu sem þau geta greint, mælt, vaktað, stýrt, haft eftirlit með og gefið skýrslu um á tilhlýðilegan hátt. Til að tryggja að váttrygginga- og endurtryggingafélög stýri loftslags- og umhverfisáættu á skilvirkan hátt ætti að taka tillit til sjálfbærniáættu við framkvæmd á varfærismeginreglunni og fjárfestingarferli váttrygginga- og endurtryggingafélaga ætti að endurspeglar þær sjálfbærnióskir viðskiptavina sem tekið er tillit til í afurðarsamþykktarferlinu.
- 7) Því ætti að breyta framseldri reglugerð (ESB) 2015/35 til samræmis við það.
- 8) Eftirlitsstofnanir og váttrygginga- og endurtryggingafélög ættu að fá nægan tíma til að aðlaga sig að nýju kröfunum í þessari reglugerð. Því ætti að fresta gildistöku hennar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breytingar á framseldri reglugerð (ESB) 2015/35

Framseldri reglugerð (ESB) 2015/35 er breytt sem hér segir:

- 1) Eftirfarandi liðir 55c til 55e bætast við í 1. gr.:

„55c. „áættu tengd sjálfbærni“: atburður eða ástand á sviði umhverfismála, félagsmála eða stjórnarháttá sem gæti, ef hann gerist, haft raunveruleg eða hugsanleg neikvæð áhrif á fjárfestinguna eða virði skuldbindingarinnar,

55d. „sjálfbærniþættir“: sjálfbærniþættir eins og þeir eru skilgreindir í 24. lið 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2088 (*),

55e. „óskir um sjálfbærni“: val viðskiptavinar eða hugsanlegs viðskiptavinar á því hvort og þá að hvaða marki einn eða fleiri af eftirfarandi fjármálagerningum skuli felldir inn í fjárfestingu hans eða hennar:

- a) fjármálagerningur sem viðskiptavinurinn eða hugsanlegi viðskiptavinurinn ákveður að lágmarkshlutfall skuli fjárfest með í umhverfislega sjálfbærum fjárfestingum eins og þær eru skilgreindar í 1. lið 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/852 (**),
- b) fjármálagerningur sem viðskiptavinurinn eða hugsanlegi viðskiptavinurinn ákveður að lágmarkshlutfall skuli fjárfest með í sjálfbærum fjárfestingum eins og þær eru skilgreindar í 17. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2088,
- c) fjármálagerningur sem felur í sér að tekið sé tillit til helstu neikvæðu áhrifa á sjálfbærniþætti þar sem viðskiptavinurinn eða hugsanlegi viðskiptavinurinn ákvarðar eigindlega eða meginlega þætti sem sýna fram á að slíkt tillit sé tekið,

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2088 frá 27. nóvember 2019 um upplýsingagjöf tengda sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu (Stjtið. ESB L 317, 9.12.2019, bls. 1).

(**) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/852 frá 18. júní 2020 um að koma á fót ramma til að greiða fyrir sjálfbærri fjárfestingu og um breytingu á reglugerð (ESB) 2019/2088 (Stjtið. ESB L 198, 22.6.2020, bls. 13).“

2) Ákvæðum 260. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað i. liðar í a-lið 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„i. aðgerðir sem váttrygginga- eða endurtryggingafélag skal grípa til til að meta og stýra hættu á tapi eða neikvæðri breytingu á virði váttrygginga- og endurtryggingaskuldbindinga sem stafar af ófullnægjandi forsendum fyrir verðlagningu og varúðarniðurfærslu vegna innri eða ytri þátta, þ.m.t. áhættu tengda sjálfbærni,“.

b) Eftirfarandi vi. lið er bætt við í c-lið 1. mgr.:

„vi. aðgerðir sem váttrygginga- eða endurtryggingafélag skal grípa til til að tryggja að áhætta tengd sjálfbærni sem tengist fjárfestingasafni sé greind, metin og stýrt á tilhlýðilegan hátt.“

c) Eftirfarandi 1. mgr. a bætist við:

„1a. Váttrygginga- og endurtryggingafélög skulu samþætta áhættu tengda sjálfbærni í stefnur sínar sem um getur í a- og c-lið 1. mgr., og þar sem við á, stefnur um önnur svið sem um getur í 1. mgr.“

3) Ákvæðum 269. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað e-liðar 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„e) greina og meta yfirvofandi áhættu og sjálfbærniáhættu.“

b) Eftirfarandi 1. mgr. a bætist við:

„1a. Yfirvofandi áhætta og áhætta tengd sjálfbærni, eins og um getur í e-lið 1. mgr. og starfssvið áhættustýringar hefur greint, skulu mynda hluta þeirrar áhættu sem um getur í a-lið 1. mgr. 262. gr.“

4) Í stað b-liðar 6. mgr. 272. gr. kemur eftirfarandi:

„b) áhrif verðbólgu, lagalegrar áhættu, áhættu tengda sjálfbærni, breytinga á samsetningu eignasafns félagsins og kerfa sem breyta iðgjöldum sem váttryggingatakar greiða til hækkunar eða lækkunar með hliðsjón af tjónasögu þeirra (bónuskerfi) eða svipaðra kerfa, sem innleidd eru í sértækum einsleitum áhættuflokkum,“.

5) Eftirfarandi 4. mgr. bætist við 275. gr.:

„4. Launakjarastefnan skal innihalda upplýsingar um hvernig hún tekur tillit til samþættingar áhættu tengda sjálfbærni í áhættustjórnunarkerfinu.“

6) Eftirfarandi 6. þáttur bætist við í I. bálk IX. kafla:

„6. ÞÁTTUR

Fjárfestingar

275. gr. a

Samþætting áhættu tengda sjálfbærni við varfærismeginregluna

1. Váttrygginga- og endurtryggingafélög skulu taka tillit til áhættu tengda sjálfbærni við greiningu, mælingu, vöktun, stýringu, eftirlit, skýrslugjöf og mat á þeirri áhættu sem stafar af fjárfestingum, eins og um getur í fyrstu undirgrein 2. mgr. 132. gr. tilskipunar 2009/138/EB.

2. Að því er varðar 1. mgr. skulu váttrygginga- og endurtryggingafélög taka tillit til hugsanlegra langtímaáhrifa af fjárfestingaráætlun sinni og ákvarðana um sjálfbærniþætti og, þar sem við á, skal sú stefna og þær ákvarðanir váttryggingafélags endurspegla sjálfbærnióskir viðskiptavina sem tekið er tillit til í afurðasamþykktarferli sem um getur í 4. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2358 (*).

(*) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2358 frá 21. september 2017 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/97 að því er varðar kröfur um eftirlit og stýringu afurða fyrir váttryggingafélög og dreifingaraðila váttrygginga (Stjtið. ESB L 341, 20.12.2017, bls. 1).“

2. gr.

Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 2. ágúst 2022.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 21. apríl 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.
